

Miðvikudaginn 7. janúar 1987.

Nr. 325/1986. **Ásgeir Valdimarsson**

gegn

Teiti Jónassyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar

Áfrýjandi, Ásgeir Valdimarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 9. janúar 1987.

Nr. 340/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Ingimundi Jónssyni

eiganda Vídeospólunnar

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru í símskeyti 22. desember 1986 sem barst Hæstarétti næsta dag. Er það svohljóðandi: „Hér með kæri ég úrskurð yðar dagsettan 22.12. 1986 kl. 18:51 til Hæstaréttar og krefst gagna þegar í stað.“ Verður að skilja þetta svo að varnaraðili hafi kært úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með hinum kærða úrskurði var heimiluð leit í húsakynnum Vídeóspólunnar, Holtsgötu 1 í Reykjavík. Úrskurðinn hefur kært Ingimundur Jónsson c/o Vídeóspólan. Verður að ætla, svo sem málið liggur fyrir Hæstarétti, að hann sé eigandi fyrirtækisins.

Í fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem getið er í hinum kærða úrskurði, kemur fram að tilefni þeirra hafi verið ábendingar frá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram greinargerð til rökstuðnings kröfum sínum.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, fór fram með heimild í hinum kærða úrskurði leit í húsakynnum Vídeóspólunnar og var lagt hald á 967 myndbönd. Í skýrslunni segir, að fundist hafi þó nokkuð margar spólur, sem ekki voru merktar af kvikmyndaeftirlitinu og mikið af spólum, sem ekki voru merktar íslenskum umboðsaðilum. Verður að ætla, að eigi hafi verið tók á að kanna myndböndin strax á vettvangi. Lögreglurannsóknin beinist sérstaklega að því að upplýsa hvort varnaraðili hafi brotið ákvæði laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal leggja hald á muni, sem ætla má að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má að gerðir verði upptækir.

Með vísan til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði með úrskurði húsleit í myndbandaleigunni Vídeóspólan, Holtsgötu 1 hér í borg, en nú stendur yfir eftirlitsátak með ofbeldiskvikmyndum, sbr. l. 33/1983, klámmyndum, tilvist verslunarleyfa, bókhaldi og skattskilum svo og ætluðum brotum gegn höfundalögum, sbr. l. 78, 1984. Er þetta átak gert

í samræmi við fyrirmæli dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 9. desember 1986.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 51. gr. sömu laga ber að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að framkvæma húsleit í Vídeóspólunni, Holtsgötu 1, Reykjavík og leggja þar hald á gögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum fyrirsvarsmanna myndbandaleigunnar á framangreindum lagaákvæðum.

Heimilt er að leita í læstum hirslum.

Föstudaginn 9. janúar 1987.

Nr. 341/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Elíasi Kristjánssyni vegna

Nýju vídeóleigunnar s/f

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1986, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með hinum kærða úrskurði var heimiluð leit í húsakynnum Nýju vídeóleigunnar, Grensásvegi 5 í Reykjavík. Úrskurðinn hefur kært Elías Kristjánsson vegna Nýju vídeóleigunnar s/f. Verður að ætla, eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, að úrskurðurinn hafi verið kærður af þar til bærum aðilja.